



Spáum 1,6% ársverðbólgu í september

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs miðvikudaginn 27. september.

Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,29% hækkun vísitölnunnar milli mánaða.

Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 1,7% í 1,6%.


Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,25% milli mánaða í ágúst. Það var mun minni hækkun en við höfðum spáð, en við spáðum 0,6% hækkun. Munurinn skýrist annars vegar af því að flugfargjöld til útlanda lækkuðu meira milli mánaða í ágúst en við höfðum búist við og hins vegar af því að gengisveiking skilaði sér ekki inn í ágústmælingu vísitölnunnar að því marki sem við bjuggumst við. Líklegasta skýringin á því síðarnefnda er aukin verðsamkeppni samhliða komu fleiri alþjóðlegra verslunarkeðja hingað til lands.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Nokkuð dró úr hækkunartakti **reiknaðrar húsaleigu** í ágúst þegar kostnaður við að búa í eigin húsnæði hækkaði um 0,55% milli mánaða. Til samanburðar hækkaði þessi liður að meðaltali um 1,8% milli mánaða fyrstu sjö mánuði ársins. Úrtakskönnun okkar bendir til þess við megum búast við um 1,1% hækkun í september.
- Verð á **fötum og skóm** lækkaði um 11% milli mánaða í júlí, sem er svipað og seinustu ár. Í ágúst hækkuðu föt og skór hins vegar einungis um 2,4%, sem er innan við helmingur af því sem liðurinn hefur hækkað að meðaltali milli mánaða í ágúst seinustu ár. Við sáum sömu hrif í janúar-mars í ár, þ.e. að útsölur eru að almennt að lengjast. Þessu til viðbótar gætu hafa komið til áhrif vegna opunar H&M hér á landi en verslunin opnaði í ágúst síðastliðnum.
- Kostnaður við **tómstundir og menningu** hækkar alla jafna milli mánaða í september, bæði vegna hækkana á raftækjum vegna útsöluloka og hækkana á ýmis konar námskeiðum og íþróttum samhliða nýju skólaári.
- Að öllu jöfnu er dýrara að fljúga til útlanda í ágúst en september og má búast við að **flugfargjöld til útlanda** lækki milli mánaða.

Liður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyt.	Áhrif
Reiknuð húsaleiga	20,2%	1,1%	0,22%
Föt og skór	3,4%	5,0%	0,17%
Tómst. og menning	9,8%	0,7%	0,07%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,8%	0,4%	0,05%
Kaup ökutækja	7,0%	0,4%	0,03%
Bensín	1,8%	1,1%	0,02%
Menntun	0,9%	0,8%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,2%	0,00%
Heilsa	3,9%	0,0%	0,00%
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,0%	-0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	-0,2%	-0,01%
Póstur og sími	2,3%	-0,6%	-0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,1%	-0,2%	-0,01%
Ferðir og flutningar - annað	4,7%	-0,4%	-0,02%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	-0,9%	-0,03%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	-17,2%	-0,19%
	100,0%		0,29%

Mánaðarbreyting VNV í september



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Spá okkar um breytingu milli mánaða í september hækkar um 0,3 prósentustig frá ágústspánni. Sú breyting skýrist aðallega af hækkun spár okkar um reiknaða húsaleigu byggt á úrtakskönnun.

Gerum ráð fyrir 2,0% ársverðbólgu í desember:

- **Október: +0,3%**
Reiknuð húsaleiga og flugfargjöld til útlanda hækka.
- **Nóvember: +0,0%**
Reiknuð húsaleiga hækkar, flugfargjöld til útlanda lækka.
- **Desember: +0,2%**
Reiknuð húsaleiga og flugfargjöld til útlanda hækka.


Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,0% í desember.

Áhættuþættir óbreyttir milli mánaða

Helstu áhrifaþættir sem við horfum til varðandi þróunina næstu mánuði eru:


- Gengislækkunin frá byrjun júní hefur ekki skilað sér inn í verðlag að því leyti sem við sjáum venjulega. Það á eftir að koma í ljós með hversu miklum hætti áhrifin komi seinna inn.
- Krónan hefur veikst nokkuð jafnt og þétt síðan í byrjun júní þegar evran fór tímabundið undir 110 krónur og Bandaríkjadalur undir 100 krónur. Verði áframhald á þessari þróun mun það að öllum líkindum þýða meiri verðbólgu.
- Hækkun húsnæðisverðs er aðaldrifkraftur verðbólgunnar nú. Við gerum ráð fyrir að það dragi úr þessum mikla hækkunartakti, enda er hann ekki sjálfbær til langs tíma litið. Verði raunin önnur mun það að öllu óbreyttu þýða meiri verðbólgu.
- Verð flugfargjalda til útlanda sveiflast að jafnaði mun meira milli mánaða en aðrir undirliðir vísitölunnar. Því er ekki ólíklegt að það geti munað nokkuð miklu á mælingu Hagstofunnar og spá okkar.
- Áhrif opnunar Costco á verðlag á ýmsum vörum hafa reynst töluvert meiri en flestir bjuggust við. Hvort og hversu mikill þrýstingur verður áfram

Verðbólguþáttir



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Gengisþróun



Seinasta dags. 12. september 2017
Heimild: Thomson Reuters Eikon



til áframhaldandi verðlækkunar vegna Costco á næstu misserum er erfitt að segja.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.